

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn á Garðarsbraut 5 á Húsavík 7. nóv. 2016 kl. 13:00. Fundurinn er fyrsti fundur framkvæmdastjórnarinnar.

Fundinn sátu framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson, Kristján Þór Magnússon, Sigurður Þór Guðmundsson, Steinþór Heiðarsson og Þorsteinn Gunnarsson. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Fundarsetning og skipting verka

Í forföllum formanns fulltrúaráðs HNP bs. setti Reinhard fundinn og bauð fundarmenn velkomna til starfa í framkvæmdastjórninni.

Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Dagbjört Jónsdóttir var kjörin formaður og Elías Pétursson varaformaður.

### 2. Starfs- og rekstraráætlun 2017

Fyrir fundinum lá tillaga að starfs- og rekstraráætlun HNP bs. sem framkvæmdastjóri gerði grein fyrir. Gert er ráð fyrir áþekkingu rekstri og undanfarin ár, bæði hvað varðar sameiginlegar rekstur og almannavarnir. Áætlunin gerir ráð fyrir að lokið verði við skipulags- og hönnunarpátt svokallaðs Þingeyjarverkefnis, en sótt hefur verið um styrk úr Framkvæmdastjóð ferðamannastaða til þess.

Að umræðu lokinni var samþykkt að leggja tillöguna eins og hún var kynnt fyrir haustfund fulltrúaráðs með þeirri breytingu að ekki verði greidd sérstök þóknun fyrir almannavarnarnefndarfundi, enda allir nefndarmenn starfsmenn ríkis og sveitarfélaga.

### 3. Þriggja ára áætlun 2018-2020

Fyrir fundinum lá tillaga að þriggja ára áætlun sem gerir ráð fyrir áþekkingu rekstri og á næsta ári.

Samþykkt að leggja tillöguna fyrir haustfund fulltrúaráðs.

### 4. Ráðgjafarsamningur um félags- og skólapijónustu

Á vorkomulagi fulltrúaráðs var framkvæmdastjórn falið að vinna tillögu að breytingum á því fyrirkomulagi sem verið hefur á þeirri þjónustu sem Norðurþing hefur veitt hinum sveitarfélögum skv. þjónustusamningi frá 2011.

Kristján Þór gerði grein fyrir umræðum og vinnu sem þegar hefur farið fram um framtíðarfyrirkomulag þjónustunnar. Fram kom að nauðsynlegt væri að auka með einhverjum hætti aðkomu þeirra sveitarfélaga sem væru kaupendur þjónustunnar að upplýsingum og ákvarðanatöku um fyrirkomulag hennar. Kristján Þór ásamt Dagbjörtu, Elíasi og Þorsteini falið að leggja fram tillögu fyrir haustfund fulltrúaráðs um málið.

## 5. Málefni barnaverndar í héraðinu

Í framhaldi af umræðu og bókun á vofundi fulltrúaráðs lagði Reinhard fram tillögu um að fulltrúaráð kjósi sameiginlega barnaverndarnefnd – Barnaverndarnefnd Þingeyinga – skv. tilnefningum sveitarfélaganna. Tillagan hefur verið kynnt fyrir félagsmálastjóra Norðurlands sem styður hana.

Samþykkt að leggja tillöguna fyrir haustfund fulltrúaráðs til afgreiðslu.

## 6. Húsnæðismál

Nokkur umræða hefur verið í héraðinu um það hvort og þá með hvaða hætti sveitarfélögin gætu sameiginlega komið að lausn þess húsnæðisvanda sem víða er uppi á svæðinu. Kristján Þór fór yfir ýmis atriði sem verið hafa til skoðunar hjá Norðurlandi, en líklegt er að þau sveitarfélög sem aðild eiga að Hvammi og Leigufélagi Hvamms gætu komið að málinu á þeim vettvangi. Tengist það m.a. breyttu fyrirkomulagi á rekstri hjúkrunarrýma Hvamms og öðrum búsetuúrræðum eldri borgara og þeirra sem rétt eiga á aðstoð hins opinbera vegna húsnæðismála.

Engar ákvarðanir teknar en málið verður tekið upp síðar á þessum vettvangi telji sveitarfélögin ástæðu til.

## 7. Önnur mál

- a) Steinþór greindi frá umræðu sem átt hefði sér stað á vettvangi stjórnar Hvamms um nauðsyn þess að greina framtíðaríbúðaupróun á svæðinu með tilliti til þarfa fyrir búsetuúrræði eldra fólks.

Samþykkt að ræða við Þekkingarnet Þingeyinga um útfærslu og framkvæmd slíkrar könnunar fyrir HNP bs. og leggja fyrir haustfund fulltrúaráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:15